| **Kennari** | Þröstur Ásmundsson, Þorsteinn Krüger | **Sk.st.** | ÞRÁ, ÞOK |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Þessi áfangi spannar það skeið í sögu Evrópu og Íslands sem kennt hefur verið við nútíma, frá frönsku byltingunni til líðandi stundar. Þetta eru tímar tæknibreytinga, hugsjóna og hagsmuna sem hafa leitt til kjarabóta, velmegunar og menningarauka en einnig stórstyrjalda og eyðingar á 20. öld. Í áfanganum verða teknir til umfjöllunar nokkrir valdir efnisflokkar, t.d. hversdagslíf og hugmyndastefnur á 19. öld, tilraunir manna til að breyta heiminum og lífsskilyrðum sínum á sviði hugsunar, menningar, stjórnmála og félagasamtaka.

## Markmið:

Að nemendur öðlist skilning á því hvernig þessi viðleitni sem og ýmsar tækninýjungar hafa auðgað og bætt mannlífið en jafnframt skapað nýjan vanda, þ.á.m. heimsstyrjaldir 20. aldar en einnig velferðarríki nútímans. Einnig er lögð áhersla á að þjálfa nemendur í heimildarýni af ýmsu tagi. Námsmat byggist á skriflegum prófum og fjölþættum verkefnum.

## Námsgögn:

Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson: Nýir tímar. Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árþúsundamóta. Mál og menning. Reykjavík 2006.
Sýnd verða myndbönd, einkum um sögu 20. aldar. Ýmislegt annað ítarefni verður kynnt í tímum.

## Áætlun um yfirferð:

| Vika | Námsefni | Verkefni |
|---|---|---|
| 35. - 38. vika | Draumur um betra líf. Kaflar 1 til 9 – ***Eftirmálar frönsku byltingarinnar*** | Hópverkefni 1<br><br>Moodlepróf |
| 39. - 41. vika | Nýir hugmyndastraumar á Íslandi. Kaflar 1 til 14 – ***Sjálfstæðisbaráttan á Íslandi*** | Heimildaverkefni |
| 42. - 44. vika | Tækninýjungar til góðs og ills. Kaflar 1 til 12 – ***Iðnbyltingin og samfélagslegar og pólitískar breytingar sem af henni leiddu*** | Hópverkefni 2 - umræður |
| 45. - 46. vika | Átök á heimsvísu. Kaflar 1 til 16 – ***Kapítalisminn í kreppu og stríði; Ísland og umheimurinn*** | Hópverkefni 3 – kynningar á verkefnum |
| 47. - 49. vika | Velferð í deiglu. Kaflar 1 til 8 – ***Staða Íslands eftir 1944; uppgangur, hrun og óviss framtíð*** | Umræður |
| | | |
| | | |

## Námsmat og vægi námsþátta:

| Tegund | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Annarpróf | Skriflegt lokapróf | 50 % |
| Moodlepróf | Úr 1. þema | 10% |
| Hópverkefni | Fjögur verkefni, hvert gildir 10% | 40% |

Athugið að kynna ykkur reglur um verkefnaskil sem fylgja með þessari kennsluáætlun.

**Moodle – kennsluvefurinn er notaður í þessum áfanga, þangað fara inn öll verkefni, glærur og ýmsar leiðbeiningar og tilkynningar frá kennara. Með óskum um gott gengi og samstarf.**

**Netfang: kruger@vma.is**
**throstur@vma.is**

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**